

LANDSSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA

LÍS

Stefna LÍS um gæði í íslensku háskólasamfélagi

Gæðastefna Landssamtaka Íslenskra Stúdenta
Um gæði í íslensku háskólasamfélagi

2. útgáfa samþykkt á Landsþingi LÍS á Bifröst
6. mars 2021

Landssamtök Íslenskra Stúdenta
Borgartún 6, 105 Reykjavík
lis@studentar.is
studentar.is

Inngangur

Háskólar eru uppspretta nýrrar þekkingar, tækifæra og hugmynda. Menntun og gæði hennar eru grunnur samkeppnishæfni og verðmætasköpunar sem eru nauðsynleg til þess að tryggja góð lífskjör og öflugt samfélag. Aukið aðgengi að menntun og hærra menntunarstig auka hagvöxt og hafa efnahagslega ávinninga fyrir samfélög. Auk þess hefur menntun áhrif á gildi, þekkingu, viðhorf og færni einstaklinga og hefur það áhrif á og mótar menningu samfélaga í heild sinni. Enginn vafi leikur á mikilvægi framþróunar í íslensku samfélagi og að samkeppnishæfni sé haldið við í alþjóðlegu samhengi á sem flestum sviðum. Uppbygging og varsla um háskólamenntun í landinu er forsenda þess að slíkt gangi eftir en ef það bregst er hætt á að samfélagið hrörni og nái ekki að halda í við þær þjóðir sem við viljum bera okkur saman við.

Gæði náms

Áhersla skal lögð á að gæði náms séu ávallt í forgrunni þegar stefnumarkandi ákvarðanir eru teknar. Gæði náms eru skilgreind út frá viðleitni stofnana til þess að greina eigin starfsemi og skipuleggja alla þætti háskólanáms þannig að þeir stuðli að því að tilsettu lærdómsviðmiði eða markmiði sé náð. Það má einnig skilgreina gæði náms út frá hvaða hæfni og færni hver og einn stúdent tileinkar sér á meðan á námi stendur. Sjálfbær þróun, gagnrýnin hugsun, uppspretta nýrra hugmynda og gott siðferði skal vera stór hluti af menntun, rannsóknum og þróun í öllum háskólastofnunum. Mikilvægt er að nemendur öðlist traustan fræðilegan bakgrunn, fái markvissa þjálfun og öðlist leikni og hæfni í beitingu þekkingar. Háskólar skulu setja sér stefnu um gæði náms og kennslu og rannsóknarstefnu. Þar að auki eiga þeir að hafa innri ferla til að auka gagnsæi starfsemi sinnar, auðvelda eftirfylgni sem og tryggja að skólinn starfi í samræmi við innri og ytri viðmið, lög og reglur.

Heildstæð menntastefna

Framsýni, stöðugleiki og gagnsæi í menntakerfinu eru lykilforsendur þess að menntastofnanir landsins geti sinnt hlutverki sínu. Mennta- og menningarmálaráðuneyti þarf að marka heildstæða menntastefnu en sér í lagi stefnu fyrir háskólastigið. Hún skal innihalda raunhæf og metnaðarfull markmið fyrir þróun háskólastigsins og ættu gæði náms að vera í fyrirrúmi. Slík stefna ætti að vera mótuð í góðu samstarfi við stúdenta, háskólana og aðra viðeigandi hagsmunaaðila svo sem Gæðaráð íslenskra háskóla.

Fjölbreytt og síbreytilegt atvinnulíf

Háskólanám skal búa nemendur undir fjölbreytt og síbreytilegt atvinnulíf. Stjórnvöld þurfa að huga að gerð atvinnustefnu fyrir landið með fjölbreytni náms og atvinnulífs að leiðarljósi. Æskilegt er að gæta samræmis milli ýmissa atriða sem koma fram í menntastefnu landsins og atvinnustefnu landsins.

Tölfræðiupplýsingar

Til þess að mögulegt sé að móta heildstæða menntastefnu eru haldbærar tölfræðiupplýsingar um stúdentahópinn lykilatriði. Mennta- og menningarmálaráðuneyti er skuldbundið¹ til að safna lykilupplýsingum um starfsemi háskólanna. Þessar upplýsingar eru mikilvægar fyrir stúdenta, stjórnendur háskólanna og aðra aðila. Þessar upplýsingar eiga að vera opinberar eins og stefnt var að þegar söfnun

¹ Reglur nr. 321/2009 um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum:
www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=0291e0b1-b673-46d3-b037-f22772902b22

þeirra hófst². Sem stendur eru opinber tölfræði um samsetningu hópsins og framgang í námi eða aðrar almennar upplýsingar um stúdenta af skornum skammti. Safna þarf slíkum upplýsingum með sérstöku tilliti til félagslegrar víddar (e. Social Dimension) en á meðan stúdentar endurspeгла ekki þverskurð þjóðarinnar hefur jafnt aðgengi að menntun ekki verið fyllilega tryggt.

Á ráðherrafundi í Yerevan árið 2015 skrifaði þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra undir viljayfirlýsingu³ um að stúdentahópurinn ætti að endurspeгла samfélagið.

Fjármögnun háskólastigsins

Í stjórnarsáttmála⁴ ríkisstjórnar er sett það markmið að fjárframlög til háskólastigsins ná meðaltali OECD-ríkjanna fyrir árið 2020, sem tókst. Nú stefna stjórnvöld að ná meðaltali Norðurlanda árið 2025. Þessi markmið endurspegluðust í fjárlögum 2018 en nauðsynlegt er að unnið sé markvisst að því að ná þeim með fjárlögum komandi ára. Endurskoða þarf reiknilíkan háskólanna en upphaflegt markmið þess laut aðallega að fjölgun stúdenta á Íslandi. Það stangast á við núverandi þarfir háskólanna sem eru meðal annars að bjóða upp á nám sem stenst alþjóðlegan samburð og hefur gæði náms í fyrirrúmi. Breytur sem ákvarða hvernig fjármagni er úthlutað til mismunandi fræðasviða/deilda háskólanna verða að taka mið af raunkostnaði við rekstur fræðasviða/deilda.

Háskólastofnanir eru háðar áreiðanlegum og fyrirsjáanlegum rammaskilyrðum til þess að starfa eftir og þarf til þess fjárhagslegan stöðugleika og sjálfstæði fyrir stefnumarkandi áætlanagerð til langtíma. Líkanið ætti að vera endurskoðað með kerfisbundnum hætti á 5 ára fresti til að tryggja að það sé í takt við þarfir háskólastigsins, í samstarfi við viðeigandi hagsmunaaðila.

Meðal hlutverka reiknilíkansins er að færa stefnu stjórnvalda í framkvæmd og þjóna þannig ákveðnum tilgangi. Því er forsenda fyrir breyttu reiknilíkani að stefna í menntamálum sé til staðar. Það gefur að skilja að ekki er hægt að ákvarða breytur í reiknilíkani sem þessu með markvissum hætti fyrir upplýsingar og menntastefna liggja fyrir.

Aðgengi að námi

Menntunarstig þjóðarinnar hefur verið lægra en hinna Norðurlandanna en með aukinni aðsókn og auknu aðgengi að háskólanámi stöndum við nú nánast jafnfætis þeim. Fækkun nemenda með aðgangsstýringum er því ekki bót á fjárhagsstöðu háskólakerfisins til framtíðar heldur skref aftur á bak. Einungis ætti að ráðast í innleiðingu á aðgangsstýringum með það að meginmarkmiði að auka gæði náms. Mikilvægt er að hafa í huga að fækkun nemenda leiðir ekki sjálfkrafa af sér aukin gæði náms. Hlúa þarf að aðgengi að menntun og gæðum hennar með bættri fjármögnun og þróaðri og bættum kennsluháttum. Þar að auki ber að gæta þess að aðgangsstýringar vegi ekki að jafnrétti til náms. Ljóst er að nálgast þarf aðgangsstýringar af varkárni og þurfa markmið með setningu þeirra að vera skýr og mælanleg.

Aðgengi að námi snýst ekki eingöngu um aðgengi að háskólastofnunum. Það snýst um að allir sem vilja afla sér menntunar hafi raunverulegt færi á að stunda það nám sem þeir hafa hug á af elju. Í því felst að stúdentar hafi aðgang að viðunandi húsnæði á viðráðanlegu verði, eigi fyrir nauðsynjavörum, búi við góða geðheilsu og heilsu almennt. Því er nauðsyn að stúdentar, eins fjölbreyttur hópur og þeir eru, fái viðeigandi stuðning til náms óháð efnahag, bakgrunni, félagslegum aðstæðum eða stöðu að öðru leyti.

² Ársrit mennta- og menningarmálaráðuneytis 2012:

www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/arsrit_mrn_2012.pdf

³ Viljayfirlýsing ráðherrafundar í Yerevan 2015 (e. Yerevan Communiqué):

www.bologna-yerevan2015.ehea.info/files/YerevanCommuniquéFinal.pdf

⁴ Stjórnarsáttmáli núverandi ríkisstjórnar: www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a5aa63d9-d5b4-11e7-9422-005056bc530c

Stúdentar eiga að uppfylla akademísk skilyrði til að fá inngöngu í háskólanám. Stofnunum ber einnig að bjóða upp á raunfærnimat sem metur fyrri störf og reynslu umsækjanda til háskólanáms. Slíkt mat gerir einstaklingum fært að sækja um það nám sem þeir sækjast eftir og leiðir af sér stúdentahóp með fjölbreyttari bakgrunn og reynslu.

Aðgengi alþjóðlegra stúdenta

Alþjóðlegir stúdentar skilgreinast hér eftir sem skiptinemar sem og aðrir stúdentar skráðir til náms við íslenska háskóla sem falla undir eina eða fleiri af eftirfarandi: eru ekki með fasta búsetu á Íslandi, eru ekki íslenskir ríkisborgarar eða eru ekki með íslensku að móðurmáli. Þessi listi er hins vegar ekki tæmandi.

Háskólar skulu sjá til þess að allt efni á heimasíðum þeirra sé bæði á íslensku og ensku og taka skal skýrt fram á hvaða tungumáli námskeið eru kennd. Háskólar skulu huga að því að bjóða upp á fjölbreytt námskeið á öllum stigum á þeim námsleiðum sem opnar eru alþjóðlegum stúdentum. Þau námskeið skulu vera sniðin að alþjóðlegum stúdentum. Nánar er fjallað um alþjóðlega stúdenta í Alþjóðastefnu LÍS.

Aðgengi stúdenta með fatlanir og/eða námsörðugleika

Gæta skal þess að stúdentar með fatlanir og/eða námsörðugleika fái það utanumhald og aðstoð sem þörf er á svo þau geti stundað það nám sem þau kjósa, með tilliti til allra þátta aðgengis. Tryggja þarf aðgengi við hönnun nýbygginga og endurbætur á eldri byggingum með tilliti til hreyfihamlaðra, þroskahamlaðra, blindra, sjónskerta og heyrnarskerta stúdenta í samráði við hagsmunaaðila.

Aðstaða stúdenta í verknámi

Nauðsynlegt er að tryggja viðunandi aðstöðu, aðbúnað, efnivið og stuðning til þeirra stúdenta sem stunda verknám. Á námsleiðum þar sem kennt er í fjarkennslu, hvort sem það er vegna tímabundinna aðstæðna eða skipulagt þannig, skal tryggja að fjarkennslan komi ekki niður á gæðum námsins né upplifun stúdenta af náminu. Leita skal lausna og skipulags sem veitir stúdentum aðgengi að viðeigandi vinnuaðstöðu svo þeir geti lagt stund á nám sitt. Sé það ekki möguleiki skal tryggja stúdentum aðgang að viðeigandi búnaði í sínu nærumhverfi.

Nám, kennsla og endurgjöf

Námsbrautir

Námsbrautir eru kjarni hverrar háskólastofnunar. Við gerð nýrra námsbrauta verða stofnanir að hafa skýrt og gagnsætt ferli en sama á við þegar meiriháttar breytingar eru gerðar á námsbrautum sem fyrir eru. Þær skulu endurskoðaðar með skipulögðum hætti á nokkurra ára fresti. Lærdómsviðmið námsbrauta og einstakra námskeiða skulu endurskoðuð reglulega í því skyni að tryggja að samræmi sé á milli lærdómsviðmiða, kennsluaðferða og námsmats, þannig að reynt sé á þekkingu, hæfni og leikni nemenda. Í ferlum stofnana á að vera gert ráð fyrir samráði við viðeigandi hagsmunaaðila og skulu nýjar námsbrautir eða meiriháttar breytingar ekki vera samþykktar án þess. Stúdentar eiga ávallt að vera samráðsaðilar þegar stofnun býr til eða endurnýjar námsbrautir.

Við gerð námsbrauta skal hafa skýrt markmið að leiðarljósi og þarf markmið að samræmast stefnu deildarinnar og skólans í heild. Námsbraut skal einnig vera hönnuð með tilliti til annars vegar þess, að nemendur geti stundað nám sitt að hluta til erlendis og hins vegar starfsnáms þar sem við á. Námsbrautir og áfangar skulu alla jafnan vera byggðir upp með það í huga að stuðla að gagnvirkri þátttöku nemenda, vera með raunhæf verkefni, verklega kennslu og hóflegt vægi lokaprófa. Háskólar ættu

að athuga og leggja mat á kosti lotukennslu og innleiða þar sem við á öllum háskólastigum. Uppbygging námsbrauta skal samræmast viðmiðum evrópska háskólasvæðisins⁵ (e. European Higher Education Area), settum viðmiðum á Íslandi um æðri menntun og prófgráður⁶ og hæfniramma um íslenska menntun⁷.

Menntun byggð á rannsóknum, nýsköpun og gagnreyndri þekkingu

Kennsla í háskólanámi skal vera byggð á leiðandi rannsóknum og gagnreyndri þekkingu, hvort sem sú þekking er byggð upp innan eða utan háskólanna. Sjálfstæð vinnubrögð, gagnrýnin hugsun og gott siðferði skal ávallt vera stór hluti af kennslu. Þá ætti kennsla einnig að þróast í takt við breytingar samfélagsins, enda er eitt meginhlutverk háskóla að útskrifa stúdenta sem geta tekist á við áskoranir nærumhverfisins, landsins og heimsins. Það er nauðsynlegt að háskólar hafi skýrar starfsreglur um það hlutfall tíma sem akademískir starfsmenn verja í rannsóknir annars vegar og kennslu hins vegar til að tryggja að kennari geti sinnt báðum störfum vel.

Sterk tenging milli rannsókna og þróunar leiðir til aukinna gæða náms. Nálgastrætti kennslu á lausnamiðaðan hátt og ætti hún að innihalda hópavinnu og hópverkefni. Kynna verður rannsóknar-aðferðir, gagnrýna hugsun varðandi gagna-notkun og siðferði rannsóknarstarfs fyrir stúdentum, snemma á námsferlinum.

Til að tryggja tengsl rannsókna og kennslu er mikilvægt að kennarar tengi rannsóknir fræðasviðs við kennslu. Þá eiga nemendur að hljóta þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og fá tækifæri til þátttöku í rannsóknum. Doktorsnemar leika mikilvægt hlutverk við uppbyggingu og endurnýjun rannsóknarumhverfis. Því er brýnt að hlúa að doktorsnámi á Íslandi, huga að fjármögnun þess og námsaðstæðum doktorsnema á Íslandi og á erlendri grundu.

Nýsköpun

Háskólanám ætti að veita stúdentum grunnþekkingu og reynslu af nýsköpun. Stöðug þróun menntunar og myndun nýrra lausna ætti að vera kjarni nýsköpunar á námsferlinum. Skilgreina má nýsköpun sem eitthvað sem annars vegar er nýtt og nothæft á ákveðnu sviði og hins vegar hefur fjárhagslegt eða samfélagslegt gildi. Eitt af hlutverkum háskólastofnana er að hvetja til hugmyndasmíða og vera virkur þátttakandi í endurnýjun samfélagsins en til þess þurfa þeir að viðhalda góðu samráði við aðila atvinnulífsins.

Kennsla og kennsluaðferðir

Kennsla og framkvæmd hennar er stór og mikilvægur hluti af gæðum náms en hún skal tryggja að stúdentar uppfylli markmið sem sett eru í lærdómsviðmiðum. Ávallt ætti að hvetja nemendur til sjálfstæðra vinnubragða en um leið að tryggja næga leiðsögn af hálfu kennara. Kennsluaðferðir ættu að vera sniðnar eftir mismunandi þörfum hvers háskóla. Til að mynda eru þarfir stúdenta í skólum með áherslu á listir og skapandi greinar aðrar en fyrir stúdenta í skólum með áherslu á öflugt fjarnám.

Kennsla og kennsluskra ætti að vera í stöðugri þróun í góðu samráði meðal stúdenta og kennara. Til þess þarf að vera svigrúm innan háskóla til að þróa mismunandi kennsluaðferðir og kennslumat á öllum háskólastigum. Slík þróun er á ábyrgð háskólastofnana sem og betrubætur á kennslu með tilliti til nýrra kennsluhátta, kennslumats og breyttra viðhorfa í samfélaginu.

⁵ Kröfur og leiðbeiningar f. gæðatryggingu á sviði æðri menntunar í Evrópu: www.enqa.eu/

⁶ Viðmið um æðri menntun og prófgráður: www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=-7fa0729e-dacc-47e3-b626-96efb036ef68

⁷ Hæfniramma um íslenska menntun: www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/Haefnirammi-um-islenska-menntun.pdf

Leggja ætti mikla áherslu á að þverfagleg kennsla eigi sér stað á öllum stigum háskólanáms. Síbreytilegt nútímasamfélag gerir ríka kröfu um viðtæka þekkingu einstaklinga þvert á svið fremur en sérþekkingu á einu sviði.

Beiting stafrænna kennsluaðferða

Rafræn námskeið eru í sífelldri þróun og verða stöðugt algengari. Upptaka á kennslustundum og notkun stafrænum kennsluháttum, svo sem EDx eða annarra MOOC, getur opnað fyrir fjölbreyttari möguleika til að bæta gæði kennslu. Einnig verður menntun aðgengilegri og sveigjanlegri, það stuðlar að jafnrétti til náms en þá sérstaklega fyrir stúdenta sem hafa ekki færi á að mæta í hefðbundnar kennslustundir á settum tímum. Háskólastofnanir þurfa að tryggja að færni þeirra sem nýta sér stafrænan búnað sé næg og bjóða upp á kennslu og fræðslu til að bæta stafræna færni ef nauðsyn krefur. Við skil á verkefnum og prófum skal notast við stafrænan búnað en þó skal vera sá möguleiki fyrir hendi að fara fram á að próf fari fram með hefðbundnum hætti.

Ein helsta hindrun innleiðingar stafrænna kennsluaðferða, er meðal annars að starfsfólk telur sig ekki geta fylgt þessum nýjungum eftir. Því er mikilvægt að stjórnendur deilda/sviða séu framsýnir, sýni gott fordæmi og séu leiðandi þegar kemur að innleiðingu nýrra, fjölbreyttra og stafrænna kennsluaðferða. Þá er nauðsynlegt að allir háskólar styðji vel við sitt starfsfólk með því að bjóða upp á námskeið og viðunandi aðbúnað til þess að auka færni þeirra í starfrænum kennsluaðferðum.

Starfsnám

Tilgangur starfsnáms er að gefa stúdentum tækifæri til að öðlast reynslu úti á vinnumarkaði í tengslum við nám sitt. Ávallt skal liggja fyrir samningur milli háskóla og starfsvettvangs þar sem kveðið er á um markmið starfsnáms og þá reynslu sem starfsnemi muni öðlast meðan á starfsnámi stendur. Það skal ávallt liggja fyrir hvernig starfsnám verði metið til eininga áður en það hefst. Háskólar skulu leggja ríka áherslu á starfsnám stúdenta og tengingu þeirra við atvinnulífið og á það við allar námsleiðir sem standa stúdentum til boða við íslenska háskóla. Jafnframt skal stúdentum við íslenska háskóla gert kleift að stunda starfsnám á erlendri grundu.

Til þess að tryggja að skilyrðum samnings hafi verið fullnægt að starfsnámi loknu skal starfsnemi skila inn mati um starfsnámið og sömuleiðis skal yfirmaður skila inn mati um frammistöðu starfsnema. Engu að síður á starfsnám að vera sveigjanlegt upp að vissu marki, þannig að starfsnemi og umsjónarmaður starfsvettvangs njóti frelsis til þess að þróa samstarf sín á milli.

Starfsnám, sem fram fer í opinberum stofnunum eða í fyrirtækjum sem rekin eru með hagnaðarsjónarmiðum, skal ávallt vera launað. Tryggja skal að starfsnemi hljóti viðunandi laun í samræmi við kjarasamninga annarra starfsmanna á viðkomandi vinnustað, með tilliti til þeirra verkefna og ábyrgðar sem starfsnemi axlar. Einnig er mikilvægt að starfsvettvangur gæti samræmis og tryggi starfsnemum sömu launakjör fyrir sömu störf. Það má aldrei líta á starfsnema sem frítt vinnuafli og einnig nauðsynlegt að það sé bein tenging milli starfs og náms nemans.

Hvorki er fjallað um starfsnám á háskólastigi í lögum um háskóla né öðrum settum reglum og áriðandi að svo sé. Slíkar reglur eiga meðal annars að kveða á um ábyrgð háskóla og starfsvettvangs.

Nemendanúmer

Í öllum prófum eða verkefnum skal notast við nemendanúmer við yfirferð og einkunnagjöf. Nemendanúmer tryggja nafnleynd stúdenta og stuðla að réttlátari einkunnagjöf, sérstaklega í ljósi þess að þeir sem sjá um yfirferð prófa eða verkefna geta verið sammennendur eða með annars konar tengsl við

stúdenta, ekki síst í jafn litlu samfélagi og á Íslandi. Við innleiðingu kerfis sem nota skal við próftöku eða skil á verkefnum skal vera einfalt að notast við nemendanúmer.

Hæfisskilyrði kennara

Kennarar skulu búa yfir færni til að skipuleggja og halda úti kennslu þar sem lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsmat. Þá skulu kennarar búa yfir hæfni til að greina áskoranir, skrásetja og meta reynslu og niðurstöður eigin kennslu. Þá skulu háskólar leggja áherslu á starfsþróun kennara og er mikilvægt að til séu ferlar innan háskólanna sem taka á starfsþróun þeirra.

Aðstoðarkennarar

Aðstoðarkennarar sem jafnframt eru stúdentar eru gagnleg viðbót við kennslu en þeir geta orðið að liði við yfirferð námsefnis, verkefna og gefið leiðsögn. Það er verðmæt reynsla að fá að miðla þekkingu og því ættu deildir að gera stúdentum sem hafa sýnt fram á góðan skilning á námsefni kleift að gerast aðstoðarkennarar þar sem við á. Háskólar bera ábyrgð á því að aðstoðarkennarar þekki skyldur sínar og hlutverk. Því má miðla áfram með kennsluhandbók eða þjálfun í upphafi kennslu. Aðstoðarkennarar skulu fá greitt fyrir störf sín.

Kennsluskrá og fjölbreytt námsmat

Háskólar landsins eiga að bjóða upp á nemendamiðað nám með áherslu á fjölbreytta kennsluhætti og námsmat. Leggja skal ríka áherslu á virka þátttöku stúdenta, raunhæf verkefni og tengsl við atvinnulíf ásamt því að þjálfa nemendur í gagnrýnni hugsun, sköpunarhæfni og sjálfstæðum vinnubrögðum með siðferðisleg gildi að leiðarljósi. Háskólastofnanir ættu að veita aðgengilegar, upplýsandi og raunhæfar námskeiðslýsingar. Markmið námskeiðs þarf að koma fram í námslýsingum allra námskeiða á háskólastigi. Það er á ábyrgð háskóla að sjá til að allar nauðsynlegar upplýsingar um áfanga séu aðgengilegar bæði fyrir nám og á meðan námi stendur.

Námsmat skal framkvæma á fjölbreyttan hátt og þarf að huga að því hvernig námsmat hentar best hverju sinni. Þá þarf að huga að samþættingu námsmats og kennslu, námsmats og námskeiðslýsingar ásamt samþættingu námsmats og lærdómsviðmiða hverju sinni. Niðurstaða námsmats ætti að segja til um þá þekkingu og færni sem stúdentar hafa öðlast hverju sinni. Háskólar skulu hafa það að markmiði að unnið sé úr niðurstöðum námsmats á hlutlægan máta og að skýrar kæruleiðir séu til staðar fyrir stúdentum sem vilja ekki una niðurstöðum námsmats. Þar sem lagt er upp úr fjölbreyttum kennsluaðferðum á háskólastigi er nauðsynlegt að námsmat sé einnig sem fjölbreyttast og forðast skal það að styðjast einungis við stór lokapróf. Einkunnargjöf í lokaprófum endurspeglar ekki ein og sér raunverulega hæfni og þekkingu stúdenta.

Endurgjöf

Leggja skal áherslu á vandaða endurgjöf og að hún sé veitt innan hæfilegra tímamarka. Veita skal endurgjöf á námsmati sem fer fram yfir önnina og í lok annar. Stúdentar skulu eiga rétta á slíkri endurgjöf sama í hvaða formi námsmatið fer fram þ.e. munnlegt, skriflegt eða með öðrum hætti.

Mikilvægt er að háskólar hafi skýrar og sanngjarnar reglur um tímamörk sem veiti stúdentum þennan rétt. Frestirnir eiga að vera viðráðanlegir fyrir kennara og eðlilegt er að taka tillit til stærðar námskeiða. Almennt ættu stúdentar ekki að bíða lengi eftir því að fá einkunnir og endurgjöf fyrir námsmatsþætti enda á slíkt að birtast tímanlega og í nánnum tengslum við það efni sem um ræðir hverju sinni. Það opnar einnig að hægt sé að bjóða upp á endurtekt, þar sem það á við, innan eðlilegs tíma.

Sjúkra- og endurtektarréttur

Tryggja skal að fyrir hendi sé fullnægjandi lágmarks sjúkra- og endurtektarréttur hvað námsmat hvers námskeiðs varðar svo að stúdentar hafi raunverulegan möguleika á að bæta úr, auka þannig líkur á að þeim takist að ljúka námskeiðinu með fullnægjandi árangri og á réttum tíma. Háskólastofnun ber að hafa skýra stefnu varðandi sjúkra og endurtökurétt, sérstaklega skal tekið tillit til jafnréttissjónarmiða.

Þegar talað er um sjúkra- og endurtektarrétt stúdenta er í raun verið að fjalla um seinni möguleika af tveimur til þess að taka viðkomandi námsmatsþátt.

Framvinda stúdenta í námi

Háskólum ber að setja reglur um námsferil stúdenta frá innritun til útskriftar. Slíkar reglur skulu gerðar í ríku samráði við stúdentar og aðra hagaðila og gæta þarf að þær séu ekki of hamlandi fyrir stúdentar til að ljúka námi en að þær stuðli að sveigjanlegri námsframvindu (e. flexible learning paths). Háskólar skulu tryggja að stúdentar séu meðvitaðir og upplýstir um viðkomandi reglur.

Allir stúdentar eiga skilyrðislausan rétt á eins árs leyfi frá námi. Háskólastofnanir þurfa að koma til móts við stúdentar sem kjósa ekki fullt nám, annaðhvort með einstaklingsmiðuðum námsleiðum eða með námsleyfi. Ef um námsleyfi er að ræða, ættu námsframvindukröfur að vera lagaðar að lengd námsleyfis. Fjölbreytileiki nemenda þarf einnig að vera hafður í huga og reyna eftir fremsta megni að koma til móts við þarfir nemenda sem þurfa á sértækum úrræðum að halda.

Nauðsynlegt er að móttaka nýnema sé með góðu fyrirkomulagi sem tekur bæði á akademískum og félagslegum þáttum háskólanámsins. Við útskrift skal skirteinisviðauki fylgja með útskriftarskirteini, nemendum að kostnaðarlausu, sem vottorð um þátttöku í störfum sem eru í þágu háskólans og/eða stúdenta.

Námsaðstaða

Háskólasvæðið á að vera hvetjandi umhverfi þar sem stúdentar geta unnið að verkefnum, raungert hugmyndir og öðlast þekkingu utan kennslustofunnar. Gott og örvandi námsumhverfi gerir stúdentum kleift að öðlast fræðilega jafnt sem hagnýta reynslu. Stúdentar skulu hafa aðgang að viðeigandi rannsóknastofum eða vinnustofum og allur búnaður notaður við kennslu skal vera sambærilegur búnaði háskóla í fremstu röð.

Stúdentar skulu hafa aðgang að bókasafni en sé slík aðstaða ekki í boði í nærumhverfi stúdenta bera háskólar ábyrgð á að útvega þeim aðgang að slíku og gera stúdentunum grein fyrir þeim valmöguleikum sem í boði standa.

Þörf er á að samræma gæði námsaðstöðu háskólanna og þá sér í lagi hinna opinberu háskóla. Þá skulu lágmarkskröfur góðrar námsaðstöðu vera gerð skil í lögum um háskóla. Úttekt skal gerð á námsaðstöðu og bætt úr þar sem þess er þörf. Slík úttekt skal framkvæmd í samráði við stúdentar.

Háskólar skulu leggja áherslu á að búa til skapandi námsumhverfi sem hvetur til frumkvöðlastarfsemi t.d. með nýsköpunarsetri. Stúdentar geta nýtt slíka aðstöðu til að prófa sig áfram með nýsköpunarhugmyndir, unnið að eigin hugmyndum sjálfstætt, í samstarfi við aðra háskóla og/eða við atvinnulífið.

Gæðaráð íslenskra háskóla

Til þess að stúdentar sjái hag í því að leggja stund á háskólanám á Íslandi verður háskólakerfið að vera nægilega gæðadrifið til þess að styðja við þekkingarsamfélag, auka samkeppnishæfni og þróast í samræmi

við alþjóðlega staðla. Mikilvægi óháðs gæðamatskerfis sem styður við sjálfstæði háskólanna til þess að standa vörð um gæði sinna ferla og gráða er ótvírætt. Virk þátttaka stúdenta stuðlar að trúverðugleika kerfisins. Mikilvægt er að stúdentar sem taka þátt í gæðastarfi hafi nægjanlega þekkingu á hlutverki sínu, verkefnum og þeirri ábyrgð sem fylgir, til þess að geta lagt sitt að mörkum og tekið virkan þátt. Háskólastofnanir ættu að upplýsa stúdenta sína vel og hafa frumkvæði að því að veita þeim þjálfun í þessum málum til að styrkja þá enn frekar. LÍS leggja einnig áherslu á að vera þessum stúdentum innan handar og veita þeim fræðslu og stuðning hverju sinni.

Mikilvægt er að Gæðaráð sé í góðum og virkum samskiptum við samtök stúdenta, ráðuneytið, háskólana og fulltrúa frá atvinnulífinu. Til þess að Gæðaráð íslenskra háskóla geti sinnt hlutverki sínu og til þess að koma í veg fyrir hagsmunaaðreksu er mikilvægt að stuðla að sjálfstæði þess gangvart ráðuneytinu og öðrum hagsmunaaðilum. Þá þarf að tryggja að það hafi fjárhagslegt sjálfstæði og nægan mannafla til þess að sinna starfsemi ráðsins af fullum krafti. Mikilvægt er að Gæðaráðið sé skipað hæfum sérfræðingum hverju sinni og geti einnig starfrækt skrifstofu.

Í núverandi lögum og reglugerð er Gæðaráð ekki nefnt sérstaklega heldur starfar það fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti á grundvelli laga um háskóla nr. 63/2006 og í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur fram að ráðherra skuli setja reglur um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna. Í reglum nr. 321/2009 er fjallað um markmið eftirlits með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum, um viðmið við innra og ytra mat og birtingu upplýsinga. Í 8. gr. kemur fram að ráðherra geti falið óháðum aðila eða úttektarhópi að framkvæma ytra mat en ekki er nánar útskýrt hver skuli framkvæma matið. Æskilegt er að veita Gæðaráði lagalega stöðu sem úttektaraðili á gæðum kennslu og rannsókna með því að fjalla nánar um það í lögum eða reglugerð.

Gæðaráð íslenskra háskóla⁸ hefur nú áheyrnaraðild fyrir hönd Íslands í (ENQA)⁹ og ættu að stefna að fullri aðild að samtökunum um leið og þau hafa bolmagn til. Samtökin stuðla að evrópsku samstarfi á sviði gæðastarfs í háskólum og eru regnhlífarsamtök fyrir samtök og/eða stofnanir sem starfa á evrópska háskólasvæðinu (e. European Higher Education Area) á sviði æðri menntunar. Aðild að samtökunum væri viðurkenning fyrir Gæðaráðið sem og rammaáætlunina á Íslandi og myndi tryggja aðgang að upplýsingum, þekkingu og reynslu frá öðrum meðlimum samtakanna á formlegum vettvangi. Það er hagar stúdenta að þróun háskóla og kerfa gæðamats sé meðal annars samræmd alþjóðlegum stöðlum. LÍS skulu beita sér fyrir því að stöðugildi Gæðaráðsins verði aukið því það er forsenda þess að ráðið get starfað með skilvirkum hætti.

⁸ Gæðaráð íslenskra háskóla <https://www.rannis.is/starfsemi/gaedarad/>

⁹ The European Association for Quality Assurance in Higher Education (ENQA): www.enqa.eu/